

**Nd.**

**34. Frumvarp til laga**

**[33. mál]**

um lausn deilu framreiðslumanna og veitingamanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

**1. gr.**

Hæstiréttur tilnefnir 3 menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör faglærðra framreiðslumanna og barmanna í veitingahúsum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra eða skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

**2. gr.**

Gerðardómurinn skal við ákvörðun þóknunar og starfskjara hafa hliðsjón af samningi frá 4. júní 1965 milli Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna, svo og þeirra kauphækkana og kjarabóta, sem sambærilegar stéttir hafa orðið aðnjótandi frá því 4. júní 1965.

**3. gr.**

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls Félags framreiðslumanna, sem hófst 8. júlí 1966.

4. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur veitingahúsaeygenda til félaga í Félagi framreiðslumanna gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skal samningur Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda og Félags framreiðslumanna, dags. 4. júní 1965, gilda, þar til gerðardómur fellur.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þar til nýr samningur tekst milli Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda og Félags framreiðslumanna, þó eigi lengur en til 1. febrúar 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lausn deilu framreiðslumanna og veitingamanna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að verkfall hafi staðið yfir hjá félögum í Félagi framreiðslumanna frá því 8. þ. m., og hafi sátta-tilraunir ekki borið árangur og ekki horfur á lausn deilunnar í bráð, m. a. vegna djúpstæðs ágreinings um rétt Félags framreiðslumanna til afskipta af vinnutilhögun í veitingahúsum.

Enn fremur, að Samband veitinga- og gistihúsaeygenda hafi ákveðið að loka veitingahúsum sínum fyrir alla, nema erlenda dvalargesti, meðan verkfallið stendur, og tilkynnt það samgöngumálaráðuneytinu bréflega. Muni þá ekki unnt að veita öðrum mönnum, þar á meðal farþegum erlendra skemmtiferðaskipa, almenna og sammingsbundna þjónustu. Nú sé mesti annatími veitingahúsa, vegna mikils fjölda erlendra ferðamanna og ferðamannaskipa. Verði ekki unnt að veita þessu ferðafólki sæmilega þjónustu, sé hætt á að varanlega verði spillt árangri langrar og ötullar landkynningarstarfsemi, sem erfitt yrði að bæta, og bitna myndi á öllum þeim aðilum hér á landi, sem hafa atvinnu af þjónustu við ferðamenn, og verða þjóðinni til vansæmdar.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir stöðvun á rekstri veitingahúsanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefni 3 menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör faglærðra framreiðslumanna og barmanna í veitingahúsum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra eða skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun þóknunar og starfskjara hafa hliðsjón af samningi frá 4. júní 1965 milli Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna, svo og þeirra kauphækkana og kjarabóta, sem sambærilegar stéttir hafa orðið aðnjótandi frá því 4. júní 1965.

3. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls Félags framreiðslumanna, sem hófst 8. júlí 1966.

4. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur veitingahúsaeigenda til féлага í Félagi framreiðslumanna gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skal samningur Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna, dags. 4. júní 1965, gilda, þar til gerðardómur fellur.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þar til nýr samningur tekst milli Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna, þó eigi lengur en til 1. febrúar 1967.

*Gjört að Bessastöðum, 15. júlí 1966.*

Ásgeir Ásgeirsson.  
(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*